

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Ágústssonar
Borgartúni 7b
Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 2022
UST202112-176/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matskyldufyrirspurn – Arctic Smolt hf. – framleiðsluaukning

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 16. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Framkvæmdarlýsing

Arctic Smolt hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur leyfi til framleiðslu á 1.000 tonnum af laxa- og regnbogasilungaseiðum á ári með 1.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Fyrirhugað er að auka umfang framleiðslunnar um 1.400 tonn svo hámarkslífmassi á hverjum tíma verði 2.400 tonn. Núverandi flatarmál stöðvarinnar er 11.000 m² en með stækkun er gert ráð fyrir að byggingarmagn aukist í um 30.000 m². Núverandi kerjarými er 6.000 m² en verður 28.000 m³. Einnig mun vatnstaka aukast og verður að hámarki 270-290 l/s.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á eftirfarandi þætti: náttúruvá, landslag, loftgæði, hljóðrask, dýralíf á landi, gróður, villta stofna, náttúru- og menningarminjar og samfélag. Samkvæmt skýrslunni eru helstu neikvæðu áhrifin á landslag, þ.e. aukið byggingarmagn gerir stöðina sýnilegri og hljóðrask verður á framkvæmdatíma. Þá er ekki talið að stækkunin hafi áhrif á dýralíf, gróðurfar, náttúru- og menningarminjar eða náttúruvá. Fram kemur að samfélagsleg áhrif verði jákvæð.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Leirur

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að talsverðar leirur eru í fjarðarbotninum. Umhverfisstofnun bendir á að leirur falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga

nr. 60/2013. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ eru þarna sandmaðksleirur en það eru fremur eða mjög fínkornóttar leirur þar sem sandmaðkur er einkennistegund. Slíkar leirur hafa hátt verndargildi og eru mjög mikilvægt fæðusvæði tjalds og sandlóu.

Vegna nálægðar eldisins við leirurnar í fjarðarbotninum telur Umhverfisstofnun mikilvægt að leitað sé eftir álitum frá Náttúrufræðistofnun Íslands á áhrifum eldisins og stækkun þess á leirurnar og hvort ástæða þyki til að gera frekari rannsóknir á lífríki leiranna.

Í eftirliti Umhverfisstofnunar með eldinu árið 2021 voru gerðar athugasemdir við olú- og lekavarnir. Mikilvægt er að rekstraraðili fylgi ákvæðum reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi til að vernda lífríki í árósum Botnsár.

Í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á leirum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruverndarinnar sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhuguðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. náttúruverndarlaganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Fráveita og vöktun

Eldiskerfi byggja á RAS tækni samkvæmt tilkynningarskýrslu. Endurnýting vatns er 90-95% en úr eldiskerjum fer vatnið í grófsíun í tromlusíu, síðan í dælubrunn og eftir hreinsun og geislun er það leitt til sjávar út fyrir stórstraumsfjöru á 14 metra dýpi.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin losar í viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 101-1279-C og kallast Tálknafjörður. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Samræmast ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Í tilkynningarskýrslu segir að afrennsli fari í sjó og sé í dag bæði fiskhelt og forhreinsað áður en það berst til sjávar og að sami háttur verði hafður á við stækkun stöðvarinnar. Einnig segir að almenn fráveita sé í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda og fyrirhugaðar framkvæmdir munu halda áfram að vera í samræmi við gerðar kröfur.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningarskýrslu er ekki skýrt hvar frárennislögnin liggur eða mun liggja til sjávar. Mjög mikilvægt er að gerð sér ítarleg grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttáð, sér í lagi vegna verndargildis leiranna í botni fjarðarins.

Einnig bendir stofnunin á að í eftirliti 2019 var skráð frávik þar sem frárennsli úr settjörn og úr húsi H1 rann beint út í fjöru. Í eftirliti 2021 var staðfest að frávikkið væri enn opið og áætlun rekstraraðila um að úrbótum yrði lokið fyrir september 2021 myndi ekki standast. Kallað var eftir uppfærslu á úrbótaáætlun.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í kafla 2.3.2 um fóður og frárennsli kemur fram að affallsvatn sé „[...]eftir hreinsun og geislun leitt til sjávar út fyrir stórstraumsfjöru á 14 metra dýpi.“ Stofnunin bendir á að hvergi kemur fram að þetta séu áform en ekki núverandi staða á fráveitu.

Stofnunin bendir á að frárennislagnir þurfa að uppfylla skilyrði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en skv. 2. mgr. skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun bendir einnig á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Þann 25. janúar sl. barst Umhverfisstofnun umsókn frá rekstraraðila um lagningu frárennislagnar fyrir affallsvatn út í sjó.

Í nágildandi starfsleyfi segir að vöktunaráætlun skuli taka til vöktunar á dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Vöktun skal einnig innihalda mat á umhverfisástandi sjávarbotns. Í vöktunaráætlun rekstraraðila árið 2021 var ekki fjallað um ofangreint. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að losun mengunarefna og áhrif losunar séu vöktuð. Gera má ráð fyrir að við útgáfu eða breytingu á starfsleyfi verði áfram óskað eftir vöktunaráætlun.

Úrgangur

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að eldisstöðin fargi öllum úrgangi (lífrænum og ólífrænum) hjá Gámaþjónustu Vestfjarða að undanskildum þeim hluta af lífrænum úrgangi sem unnt er að nýta sem hráefni í loðdýrafóður. Notkun dauðfisks/meltu til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skuli samþykkis Matvælastofnunar ætli rekstraraðili að nota efnið á slíkan hátt. Enn fremur kemur fram að fyrirhugað sé að föstum úrgangi verði safnað í þar til gerða safntanka þar sem auðveldlega verði hægt að fjarlægja hann og nýta en sá úrgangur sé ríkur af næringarefnunum fosfór og köfnunarefni sem geri hann m.a. tilvalinn til áburðar.

Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í stefnu stjórnvalda sem kom út í júní sl. sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi* þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífrænna efna.

Stofnunin bendir á að fastefni sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa en næringargildi þess er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennslis og bendir stofnunin á mikilvægi þess að efnið sé endurnýtt.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vera áhrif á lífríki leira við árósa Botnsár. Stofnunin telur nauðsynlegt að fá úr því skorið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands hvort starfsemi eldisstöðvarinnar og fyrirhuguð stækkun hafi neikvæð áhrif á lífríkið. Þá er einnig mikilvægt að greint sé frá því hvernig fráveitunni verði háttað en það þarf að gera í samstarfi við heilbrigðisnefnd, sveitarfélagið og Umhverfisstofnun.

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að framkvæmdin verði eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu, að starfsemin muni uppfylla skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi, að starfsemin sé byggð á bestu aðgengilegu tækni og að áhrif stækkunar á lífríki leiranna verði metin, telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram áhrif sem núverandi starfsemi hefur og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

² [Leiðbeiningaskjal \(umhverfisstofnun.is\)](http://leiðbeiningaskjal.umhverfisstofnun.is)